

Frjálsíþróttaping
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík
Föstudaginn 18. og laugardaginn 19. apríl 2008

Dagskrá

Föstudagur 18. apríl

- 17:30 Setning
- 17:35 Kosning þingforseta og ritara
Kosning nefnda þingsins:
1. Kjörbréfanefndar
2. Fjárhagsnefndar
3. Laganefndar
4. Allsherjarnefndar
- 17:45 Skýrsla stjórnar
- 18:15 Ávörp gesta
- 18:30 Kvöldverður í boði FRÍ - Afhending heiðursviðurkenninga
- 19:15 Skýrsla stjórnar, framhald. Reikningar fyrir árin 2006 og 2007 lagðir fram
Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- 20:00 Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára
- 20:15 Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
- 20:30 Aðrar tillögur
- 21:00 Nefndarstörf

Laugardagur 19. apríl

- 09:00 Framhald nefndarstarfa
- 10:30 Afgreiðsla mála
- 11:30 Umræður
- 12:00 Hádegisverðarhlé
- 13:00 Afgreiðsla mála (frh.)
- 14:00 Kosningar
Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
Kosning 2 skoðunarmanna reikninga
Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ
- 14:30 Önnur mál.
- 15:00 Þingslit.

Föstudagur 18. apríl

Setning

Formaður FRÍ, Arnþór Sigurðsson, bauð fulltrúa og gesti velkomna og hélt síðan stutta tölu, þar sem m.a. kom fram að hann mun ekki gefa kost á sér til áframhlaldandi setu í stjórn. Þá minntist hann fjögurra félaga sem fallið hafa frá á s.l. 2 árum, þeirra Jóhannesar Sölvasonar, f.v. form. FRÍ, Kristins Sigurjónssonar, fv. stjórnarm. og heiðursfélaga, Péturs Rögnvaldssonar, grindahl. og Ólympíufara árið 1960 og Jóns H. Sigurðssonar, langhlaupara. Bað hann þingheim um að minnast þeirra með einnar mínútu þögn. Setti hann þingið að því búnu.

Kosning þingforseta og ritara.

Arnþór lagði til að Magnús Stefánsson yrði kjörinn 1. þingforseti og Sigurður Albert Ármannsson sem 2. Þingforseti. Það var samþykkt samhljóða.

Magnús tók þá við stjórn þingsins og þakkaði það traust sem honum var sýnt. Hann lagði til að Hafsteinn Óskarsson og Friða Rún Þórðardóttir yrðu kjörin sem ritara. Það var samþykkt samhljóða.

Kosning nefnda þingsins:

Kjörbréfanefnd:

Stefán Jónasson, Guðlaug Baldvinsdóttir og Trausti Sveinbjörnsson.

Fjárhagsnefnd:

Gestur Guðjónsson, formaður, Hallgrímur Arnalds, Kristinn Guðlaugsson, Friðrik Steinsson og Hákón Óli Guðmundsson.

Laganefnd:

Ásbjörn Karlsson, form., Magnús Jakobsson, Katrín Guðrún Pálsdóttir, Björgvin Víkingsson og Hreinn Ólafsson.

Allsherjarnefnd:

Davíð Harðarson, form., Margrét Héðinsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Ari Jósavinsson,

Skýrsla stjórnar.

Arnþór flutti skýrslu stjórnar.

Ávörp gesta

Helga Guðjónsdóttir, form. UMFÍ, þakkaði fyrir að fá að ávarpa þingið og hélt stutta tölu.

Hafsteinn Pálsson flutti kveðjur forseta ÍSÍ og starfsfólks. Talaði um almenningsíþróttir, Ólympíuleika, Íslenska getspá, vinnu við að fá meiri stuðning hins opinbera við sérsamböndin og úthlutun úr ferðasjóði. Að lokum kvaðst hann vonast eftir góðu frjálsíþróttarári.

Þingforseti bað þau fyrir kveðjur þingsins.

Stefán Jónasson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Sjö kjörbréf bárust með 38 fulltrúum.

HSP

Stefán Jónasson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

ÍBA

Katrín Pálsdóttir. Til vara: Sonja Sif Jóhannsdóttir.

ÍBH

Kristinn Guðlaugsson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Daði Rúnar Jónsson, Eggert Bogason, Ólafur Sveinn Traustason, Trausti Sveinbjörnsson, Elísabet Ólafsdóttir, Ólafur Sveinn Traustason, Björgvin Víkingsson, Fannar Gíslaon, Sólveig Margrét Kristinsdóttir, Kristrún Helga Kristbergsdóttir, Óðinn Björn Þorsteinsson, Einar Þór Einarsson. Til vara: Iðunn Arnardóttir og Haraldur S. Magnússon.

ÍBR

Friða rún Þórðardóttir, Hafsteinn Óskarsson, Sigurður A. Ármannsson, Friðrik Þór Óskarsson, Margrét Héðinsdóttir, Árni Georgsson, Stefán Jóhannsson, Hreinn Ólafsson og Guðlaug Baldvinsdóttir. Til vara:

Alberto Borges, Helga Jensen, Jón Oddsson, Þorsteinn Sigurðsson, Jóhanna Ingvadóttir, Steinþór Óskarsson, Freyr Ólafsson, Hákon Ó. Guðmundsson og Óskar Hlynsson.

UMSE

Ari H. Jósavínsson

UMSK

Logi Sigurvinsson, Hallgrímur Arnalds, Hannes Strange, Þórður Guðmundsson, Þórður Arason, Hlynur Chadwic Guðmundsson og Ólafur Ingi Óskarsson. Til vara: Sölvi Guðmundsson, Stefán Guðmundsson, Arnór Jónsson og Magnús Jakobsson.

UMSS

Davíð Harðarson, Sigurður Arnar Björnsson, Friðrik Steinsson, Þorsteinn Þórsson og Sigurður Arnar Björnsson. Til vara: Gunnar Sigurðsson.

Alls mættir á þingið 30 fulltrúar af 38 skráðum aðalfulltrúum. Fulltrúafjöldi samkvæmt skýrslum um iðkendafjölda sambandsaðila hefði getað orðið 105.

Kvöldverður í boði FRÍ

Sigurður Albert Ármannsson tekur við stjórn þingsins.

Afhending heiðursviðurkenninga

Formaður FRÍ, Arnþór sigurðsson, veitti eftirfarandi viðurkenningar:

Eirmerki FRÍ: Óskar Hlynsson, Fjölni, Árni Georgsson, Ármanni, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fjölni, Sigurður Sigurðsson, Ármanni, Margrét Héðinsdóttir, ÍR, Helga Jensen, ÍR, Jón Oddsson, ÍR, Hannes Strange, Breiðabliki, Helga Eyfeld, Breiðabliki, Ari Jósavínsson, UMSE og Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.

Silfurmerki FRÍ: Egill Eiðsson, Breiðabliki/FRÍ, Hákon Óli Guðmundsson, Fjölni, Gunnar Sigurðsson, UMSS/FRÍ og Hreinn Ólafsson, Fjölni.

Gullmerki FRÍ: Katrín Sveinsdóttir, Ármanni, og Óskar Thorarensen, ÍR.

Skýrsla stjórnar, framhald.

Reikningar fyrir árin 2006 og 2007 lagðir fram

Gunnar Sigurðsson, form. Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ, ræddi um styrkjamál og kostnað vegna keppnisferða á vegum FRÍ. Hann sagði stöðuna alvarlega og breytinga væri þörf. Þá ræddi hann um hvernig mætti hvetja afreksfólkk til að taka einbeitta stefnu á stórmót framtíðarinnar. Hann þakkaði samstarfið í fráfarandi stjórn.

Fríða Rún Þórðardóttir, unglíngalandsliðsþjálfari, sagði ánægjulegt hvað kynjahlutfall hafi jafnast. Hún sagði fjáröflun hafa verið erfiða og sífellt erfiðara að ná hóp saman í æfingabúðir. Kostnaður er farinn að verða umtalsverður ef eitthvað skal gera sérstakt og þá eru þau ekki tilbúin að leggja í þann kostnað sem til þarf. Næsta ár verður léttara í alþjólegri keppni en árið 2010 verður meira að gera.

Gestur Guðjónsson, gjaldkeri FRÍ, sagði að um 900 000 kr. fari í vexti á ári, en að það hafi verið meira. Hann sagði núverandi stjórn hafa tekið við meira af skuldbindingum en kom fram í efnahagsreikningi vegna merkisberaverkefnisins. Það var lagt niður þar sem heilan starfsmann hefði þurft í verkið sem kom fram sem umtalsverður sparnaður. Hann sagði meira hafa verið aflað með minni tilkostnaði. Þá þakkaði hann Agli Eiðssyni, framkvæmdastjóra FRÍ, sérstaklega fyrir hans störf. Hann benti á litla styrki frá ríkinu og að þeir hafi aukist of lítið miðað við aukningu til ÍSÍ. Stór hluti af því fer beint til sambandsaðila. Hann kvaðst nokkuð sáttur með fjármálin og að vel hafi gengið að afla fjár í nauðsynleg verkefni. Nú ætti að vera hægt að fara að greiða niður en bara ef sambandsaðilar taka aukinn þátt í verkefnum á erlendri grundu.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ragnheiður Ólafsdóttir lýsti þeirri skoðun sinni að FRÍ ætti að hafa meiri áhrif á hvernig fólki er raðað í styrkleikaflokka. Þetta muni reyndar kalla á aukið samráð við ÍSÍ. Hún spurði að lokum um vinnuregluna hjá ÍSÍ.

Sigurbjörn Árni Sigurbjörnsson kvaðst hafa borgað mikið þegar hann var í landsliði. Hann sagðist skilja áhyggjur FRÍ en að áhyggjur beri að hafa af unglíngum sem eru að keppa með fleiru en einu aldursflokkalandsliði. Þetta getur skapað mikið misvægi milli íþróttamanna eftir efnahag. Biður um að FRÍ haldi áfram að taka þennan kostnað á sig.

Gestur Guðjónsson upplýsti að mótahalds erlendis 2007 hefði kostað 5,7 milljónir króna. Hann sagðist vilja leggja fram tvær tillögur fyrir þingið. Annars vegar um 44 keppendur á NM en hins vegar 16 keppendur og þjálfara. Landsbankahlaupið verður ekki í ár og víða þrengra með að sækja fé. Sveitarfélögin þurfa að koma inn í með að styrkja sitt fólk. Hann benti á að FRÍ hafi verið eina sambandið sem borgar allan kostnað.

Hafsteinn Pálsson ræddi styrkveitingar. Hann sagði að ÍSÍ ásamt sérsamböndunum hafi lagst á ríkið með vissar leikreglur í huga um úthlutun eftir að peningar kæmu. Gera þarf grein fyrir ráðstöfun fjárins til ráðuneytis og því mikilvægt að hafa skýrar reglur hverjir geti fengið styrki. Hann sagði styrki afgreidda eftir umsóknum og mati byggðu á þeim. Þar þarf að vera viss dreifing milli greina til að geta sótt féð í ráðuneytið. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við annað en ánægju með úthlutunina.

Dóra Gunnarsdóttir sagði frá hversu vel hafi gengið hjá ungu fólki á Neskaupsstað með að safna fé fyrir utanlandsferð. Hún sagði mikinn kostnað við að halda úti íþróttafólki og því þörf á meira fé frá ÍSÍ. Að lokum þakkaði hún fyrir góðar undirtektir við þrjónaskap á afreksfólk.

Gunnar Sigurðsson tók undir með Dóru. Þá þakkaði hann ÍSÍ fyrir þátt þeirra í verkefninu Ungir og efnilegir. Hann sagði Íþrótt- og afreksnefnd funda um tilnefningar af hálfu FRÍ. Hafa ber í huga að oft geti verið um huglægt mat að ræða hvaða afrek séu góð. Hann benti á að styrkur hafi komið út á alla sem sótt hefur verið um. Þá sagði hann skynsamlegra að nefndin komi eitthvað meira að því hvað hver fær.

Skýrsla og reikningar borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára

Gestur Guðjónsson gerði grein fyrir rekstraráætlun 2008 – 2009. Tvær tillögur liggja fyrir þinginu, A og B.

Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Arnþór flytur tillögur nr. 3, 6 og 7.

Hörður Sverrisson mælir fyrir tillögum stjórnar FRÍ nr. 10, 11 og 12.

Gunnar Sigurðsson mælti fyrir tillögum stjórnar FRÍ nr. 4, 8 og 9.

Gestur Guðjónsson mælti fyrir tillögu stjórnar FRÍ nr. 5.

Kristinn Guðlaugsson mælti fyrir tillögum frjálsíþróttadeildar FH.

Fríða Rún Þórðardóttir mælti fyrir tillögum ÍBR/ÍR.

Aðrar tillögur

Nefndarstörf

Laugardagur 19. apríl

Framhald nefndarstarfa

Afgreiðsla mála

Fjárhagsnefnd

Gestur Guðjónsson gerði grein fyrir störfum Fjárhagsnefndar.

[Sjá PDF skjal](#) með rekstraráætlun.

Fjárhagsnefnd FRÍ lagði til að framlag félaga í landsliðsverkefnum verði kr. 15.000,- á einstakling í hverri ferð og að fæðispeningar verði auk þess kr.4.000,- á ferð en verði einungis innheimtir fyrir 2 ferðir á ári á hvern einstakling.

Samþykkt með 20 atkvæðum gegn 13.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson spurði Gest hvað lægi að baki upphæðinni sem hverjum og einum er ætlað að borga. Hann sagði óskýrt hver ætti að borga, félögin eða íþróttamaðurinn

Hallgrímur Arnalds, sagði tvo möguleika hafa verið í boði, að hækka gjöldin á félögin eða fækka þátttakendum í landsliðsverkefnum. Hann benti á þann möguleika að félögin sækji og sækji um endurgreiðslur hjá sínum sveitarfélögum. Hjá Breiðablik munu gjöldin hækka um kr. 500.000, en kr. 100.000 gætu komið upp í það frá sveitarfélaginu. Hann vildi miða við að heildarupphæðin yrði kr. 15.000,-

Elísabet Ólafsdóttir benti á að hvert bandalag sé með sínar reglur. Í tilfalli FH mun þetta ekki lenda á félaginu.

Gestur Guðjónsson benti á að hér væri ekki um hækkun á fæðiskostnaði. Þá kvaðst hann gera sér grein fyrir því að sveitarfélögin hefðu misjafnar reglur varðandi styrki til þessara ferða. Hann þakkaði síðan Elísabetu fyrir upplýsingarnar.

Ari H. Jósavínsson sagði FRÍ eitt örfárna sambanda sem leggur út í svo mikinn kostnað vegna landsliðsferða. Hann sagði FRÍ verða að beygja í þessa átt annars bitnar það á fjölda keppenda, það vanti fjármagn og að öðru vísi munum við ekki hafa efni á að senda fólk í keppnisferðir. Þá sagði hann að þetta muni skipta sköpum hvað varðar norðurlandapátttöku.

Eggert Bogason spurði hvort fararstjórn og þjálfarar eigi að greiða sinn hlut.

Gestur sagði að ekki væri gert ráð fyrir því.

Hlynur Chadwic Guðmundsson tók undir tillögu fjárhagsnefndar um þessar greiðslur og hvernig þær skuli fara fram. Hann sagði hugarfar vera að breytast gagnvart íþróttamönnum og meiri stuðningur að koma fram, því einhversstaðar þurfa peningarnir að koma frá. Hann kvaðst sjálfur hafa hvatt til sjóðsstofnunar til að styðja við bakið á þeim íþróttamönnum sem standa sig vel.

Logi Sigurvinsson sagði tillöguna gera ráð fyrir um 300.000 kr. hærri innheimtu en komið hafi fram í daginn áður vegna fæðispeninganna og því hafi forsendur. Hann lagði fram tillögu þess efnis að heildarkostnaður hvers þátttakanda verði 15.000 kr. Hann sagði Breiðablik ekki samþykkja tillöguna eins og hún liggja fyrir.

Tillaga fjárhagsnefndar var þá lögð fram með þeim forsendum sem nefndin lagði til og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga Loga var ekki borin upp þar sem hún gekk skemur en samþykkt tillaga.

Þingskjal 5

Tillaga um breytingu á 2. grein reglugerðar um skráningargjöld.

56. frjálssíþróttaping haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir að skráningargjald verði kr. 1.500 á grein í flokki 19 ára og eldri. Skráningargjöld vegna boðhlaupa verða kr. 3.000 á hverja sveit. Skráningargjöld fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni verður kr. 7.500. Skráningargjöld á lið í Bikarkeppni FRÍ 1. deild. verður kr. 37.500.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 18 ára og yngri og í öldungaflokkum verði kr. 750 á einstakling og kr. 1500 á boðhlaup.

Greinargerð:

Keppnisgjöld hafa staðið í stað frá Frjálsíþróttabingi 2004. Rík ástæða er til að hækka þau nú **um 50%**. Eðilegt væri að hækka þessi gjöld á hverju Frjálsíþróttabingi til þess að halda í við verðlag á hverjum tíma svo að ekki þurfi að hækka þau í stórum skrefum í hvert sinn.

Stjórn FRÍ.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 6

Tillaga um greiðslur til formanns vegna vinnutaps.

56. frjálsíþróttabing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að stjórn FRÍ hafi heimild til þess að greiða formanni FRÍ vinnutap ef formaður sambandsins verður fyrir vinnutapi vegna starfa fyrir sambandið.

Greinargerð:

FRÍ þarf á því að halda að formaður þess sé virkur í þeim erindum sem þarf að sinna á venjulegum dagvinnutíma. Oftar en ekki eru fundir vegna fjáröflunar og annarra starfa formanns á hefðbundnum vinnutíma. Því er nauðsynlegt að bæta fyrirséðan tekjumissi að einhverju leyti.

Stjórn FRÍ.

Fellt samhljóða

Allsherjarnefnd

Hörður Sverrisson gerði grein fyrir störfum allsherjarnefndar.

Þingskjal 3

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með viðbót sem er skáletruð hér að neðan.

Tillaga um útbreiðslumál.

56. frjálsíþróttabing haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir að stofna sérstaka *útgáfu- og útbreiðslunefnd* sem hefur það hlutverk m.a. að sjá um og móta stefnu í blaðaútgáfu, sjónvarps- og þáttagerð, útbreiðsluverkefni um Skólaþríþraut og fleiri skyld verkefni *meðal annars með því að efla félög og héraðssambönd til þátttöku um framkvæmd.*

Greinargerð:

Útgáfu- og útbreiðslumál FRÍ eru mjög mikilvægur þáttur í starfi sambandsins. Því er nú nauðsynlegt að setja á stofn eða endurvekja þessa mikilvægu nefnd.

Stjórn FRÍ

Gunnar Sigurðsson kvaðst undrast störf nefndarinnar varðandi þessa tillögu.

Ragnheiður Ólafsdóttir sagði ljóst að mikið væri lagt á íþróttastarf í skólum í dag, og ekki allir íþróttakennarar tilbúnir í að halda alla þá viðbótar viðburði sem verið er að ýta að þeim að hálfu

sérsambandanna. Hún hvatti félögin og héraðssamböndin til að styðja og aðstoða kennara við framkvæmd slíkra íþróttaviðburða.

Hlynur C. Guðmundsson sagði frjálsíþróttadeild Aftureldingar styðja með láni á áhöldum, en ekki vera tilbúin í meira.

Ragnheiður Ólafsdóttir benti á það hvernig skólahreysti væri framkvæmd og vísaði í það að skólar séu tilbúnir til að greiða íþróttakennurum fyrir aukavinnu. Hún sagði þetta er spurningu um þátttöku og útbreiðslustarfsemi. Þetta kæmi sér best þar sem hugi íþróttakennara er ekki nægur.

Arnþór Sigurðsson sagði þetta spurningu um að tryggja að frjálsíþróttir séu stundaðar í skólum landsins og virki sem þrýstingur á að þeir gleymi ekki frjálsíþróttum í sínu starfi. Mikilvægt sé því að fá félögin til að hvetja skóla til þátttöku.

Tillaga nefndarinnar var síðan samþykkt samhljóða

Þingskjal 7

Tillaga um samvinnu FRÍ og annarra sérsambanda um sjónvarpsmál.

56. frjálsíþróttaping FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir að veita stjórn FRÍ heimild til að taka þátt í stofnun félags í samvinnu við önnur sérsambönd án verulegs aukakostnaðar fyrir FRÍ. Hinu nýja félagi er ætlað að einbeita sér að auknu íþróttæfni í sjónvarpi.

Greinargerð:

Sökum sinnuleysis og vanefnda RÚV gagnvart samningum við FRÍ um útsendingar á efni, er ekki forsvaranlegt að FRÍ byggji áfram eingöngu á samstarfi við RÚV vegna sjónvarpsútsendinga. Tuttugu íþróttasambönd hafa náð samkomulagi um samstarfsgrundvöll til þess að efla og auka veg íslenskra íþróttá í sjónvarpi. Þessir aðilar hafa sammælt um að stofna félag, sem ynni sameiginlega að samningum um sjónvarpsmál. Með þessu fyrirkomulagi hafa þessi sérsambönd og ekki síst FRÍ mikla möguleika á því að koma sínu efni á framfæri í meira mæli en áður. Undanfarin ár hefur íslenskt frjálsíþróttæfni verið sýnt í um 4-6 klst á ári RÚV í formi beinna útsendinga eða samantektarþátta.

Stjórn FRÍ.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10

Tillaga um mannvirkjanefnd

56. frjálsíþróttaping haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir að sett verði á fót þriggja manna mannvirkjanefnd Frjálsíþróttasambandsins.

Hlutverk nefndarinnar er að vera framkvæmdaraðilum og rekstraraðilum frjálsíþróttavalla til ráðgjafar um uppbyggingu frjálsíþróttamannvirkja og kaup og viðhald á búnaði þeim tengdum.

Skal nefndin fylgjast með þeim breytingum og ábendingum sem koma fram frá Alþjóða Frjálsíþróttasambandinu og miðla þeim til rekstraraðila frjálsíþróttavalla og frjálsíþróttahreyfingarinnar

Mannvirkjanefnd skal vera stjórn Frjálsíþróttasambandsins til ráðgjafar um stefnumótun í tengslum við aðstöðumál frjálsíþróttamanna.

Samþykki mannvirkjanefndar fyrir notkun valla verði skilyrði fyrir því að Frjálsíþróttasambandið úthluti mótahaldi á viðkomandi völlum.

Stjórn FRÍ.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11a, Tillaga um mótaskrá FRÍ 2008

Engar tillögur um breytingar en miklar umræður sköpuðust um tímasetningu á bikarkeppni FRÍ í nefndinni. Helsta mögulega breytingin sem rædd var fjallaði um að færa bikarkeppnina á sömu helgi og MÍ 12-14 ára, 30.-31. ágúst.

Guðlaug Baldvinsdóttir lagði fram breytingartillögu Fjölnis-Ármanns þess efnis að færa MÍ 12-14 ára frá 30.-31. ágúst til 16.-17. ágúst og að bikarkeppni FRÍ fari fram 29.-30. ágúst. Sagði hún þetta betri tíma því mikið væri um mót í kringum 4.-5. júlí og þá sagði hún eðlilegast að hafa bikarkeppnina sem síðasta mót sumarsins.

Ragnheiður Ólafsdóttir Breytingartillaga frá FH **?????**

Ragnheiður Ólafsdóttir
Skiptar skoðanir um mótaskrá 2008

Gunnar Sigurðsson benti á að óheppilegt væri að koma með breytingar á ársþingi. Koma þyrfti með þessar breytingar á mótþingi, því nauðsynlegt sé að horfa fram í tíman.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson sagði mikilvægt að fara eftir samþykktum FRÍ um mótaskrána.

Arnþór Sigurðsson spurði hvort mótþing hefði þá engan tilgang og benti á að fólk hefði möguleika í tvígang til að ræða mótaskrána. Slæmt væri að breyta mótaskánni í dag því margir væru búnir að skipuleggja sig miðað við samþykktir mótþings.

Margrét Héðinsdóttir bar fram breytingartillögu fyrir hönd ÍR þess efnis að MÍ 12-14 ára verði fært til 16. – 17. ágúst.

Hún sagði fækkun hafa verið á þessu móti og að tímasetningin væri líklega ástæðan því síðasta helgin í ágúst væri ekki góð fyrir þetta mót.

Guðlaug Baldvinsdóttir sagði mikilvægt að ræða málið því vanda þyrfti til mótaskrárinnar. Hún sagði að taka þyrfti tillit til allra. Að lokum kvaðst hún styðja tillögu ÍR varðandi dagsetningu 12-14 ára. Þá lagði hún fram tillögu fyrir hönd Fjölnis og Ármanns þess efnis að MÍ 12-14 ára verði fært til 16-17. ágúst og að bikarkeppni FRÍ verði færð til 29.-30 ágúst.

Arnþór Sigurðsson benti á að verið væri að flakka mikið með 2 mót á hverju ári, bikar og MÍ 12-14 ára. Hann kvaðst ekki sjá góð rök fyrir því að verið sé að kasta til höndunum, heldur sé hér um að ræða misjafnar skoðanir á því hvað henti.

Kristinn Guðlaugsson sagði nauðsynlegt að taka tillit til allra. Hann sagði eðlilegt að færa MÍ12-14 ára, en athuga þarf að ef við færum bikarkeppnina þá erum við ekki að taka tillit til þeirra keppenda sem taka þátt í OL. Hann lagði til að tillögu Guðlaugar verði vísað frá en að tillöga ÍR verði samþykkt.

Magnús Jakobsson ræddi niðurstöðu mótþingis og benti á að ekki væri auðvelt að breyta ef vallarmál væru skoðuð.

Stefán Jónasson svaraði fyrir hönd HSP og sagði líklegt að HSP geti brugðist við þessari breytingartillögu varðandi MÍ 12-14 ára.

Kristinn Guðlaugsson lagði fram skriflega tillögu FH þess eðlis að vísa tillögu Fjölnis-Ármanns frá.

Frávísunartillaga FH var samþykkt með megin þorra atkvæða.

Tillaga ÍR um að færa MÍ 12-14 ára til 16.-17. ágúst var samþykkt með 25 atkvæðum gegn 2.

Maí:

24.-25. 25.	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl. NM í 10.000m hlaupi karla og kvenna	Borgarnes	UMSB Danmörk
----------------	--	-----------	-----------------

Júní:

07.-08. 21.-22. 20.-22. 27.-29. 28.-29.	NM í fjölþrautum unglinga Evrópubikarkeppnin Stórmót Gogga Galvaska Gautaborgarleikarnir Evrópubikark. í fjölþrautum	Jyväskylä Tallinn Mosfellsbær Gautaborg Maribor	Finnland Eistland UMFA Svíþjóð Slóveníu
---	--	---	---

Júlí:

04.-05. 08.-13. 26.-27.	Bikarkeppni FRÍ HM 19 ára og yngri Meistaramót Íslands	Kópavogi Bydgoszcz Reykjavík	Breiðablik Pólland Ármann
-------------------------------	--	------------------------------------	---------------------------------

Ágúst:

01.-03. 09.-10. 15.-24. 16.-17. 16.-17. 23. 23.-24.	Unglingalandsmót UMFÍ MÍ öldunga Ólympíuleikarnir NM unglinga 19 ára og yngri MÍ 12-14 ára Reykjavíkurmaraþon Glitnis MÍ 15-22 ára	Þorlákshöfn óstaðsett Peking Bergen Laugar Reykjavík Akureyri	HSK Kína Noregur HSP ÍBR UFA/UMSE
---	--	---	--

September:

06. 06.-07.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri NM 22 ára og yngri	Sauðárkrókur Tampere	UMSS Finnland
----------------	---	-------------------------	------------------

Október:

11. okt.	Víðavangshlaup Íslands	óstaðsett	
----------	------------------------	-----------	--

Nóvember:

8. nóv.	NM í Víðavangshlaupum		Danmörku
---------	-----------------------	--	----------

Þá var mótaskráin fyrir árið 2008 borin undir atkvæði með áorðnum breytingum um MÍ 12-14 ára og var hún samþykkt samhljóða.

Pingskjal 11b

Tillaga að mótaskrá FRÍ 2009

Janúar:

17.-18.	Reykjavík International – Stórmót ÍR	Laugardalshöll	ÍR
---------	--------------------------------------	----------------	----

24. 31.-1.	Reykjavíkurléikar MÍ 15-22 ára	Laugardalshöll Laugardalshöll	FRÍ/FÍRR
<u>Febrúar:</u>			
07.-08.	MÍ aðalhluti	Laugardalshöll	
14.-15.	MÍ öldunga	Laugardalshöll	
21.-22.	MÍ í fjölþrautum	Laugardalshöll	
28.	Bikarkeppni FRÍ	Laugardalshöll	FRÍ/félög
<u>Mars:</u>			
07.-08.	MÍ 12-14 ára	Laugardalshöll	
06.-08.	EM innanhúss	Turin	Ítalía
14.-15.	9. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett	
25.-29.	EM öldunga	Ancoma	Ítalía
28.	37. HM í víðavangahlaupum	Amman	Jórdanía
<u>Apríl:</u>			
04.	13. European Cup 10000m	óstaðsett	
<u>Maí:</u>			
23-24.	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl.	Óstaðsett	
24.	NM í 10.000m hlaupi	Osló?	Noregur
<u>Júní:</u>			
01.-05.	Smáþjóðarleikar		Kýpur
13.-14.	NM í fjölþrautum unglunga		Ísland
20.-21.	Evrópubikarkeppnin	óstaðsett	
19.-21.	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
28.-30	Gautaborgarleikarnir	Gautaborg	Svíþjóð
27.-28.	Evrópubikark. í fjölþrautum	óstaðsett	
<u>Júlí:</u>			
03.-04.	83. Meistaramót Íslands	óstaðsett	
08.-12.	HM 17 ára og yngri	Bressanone	Ítalíu
09.-12.	26. Landsmót UMFÍ	Akureyri	UFA/UMSE
16.-19.	EM 22 ára og yngri	Kaunas	Litháen
20.-26.	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar	Tampere	Finland
23.-26.	EM 19 ára og yngri	óstaðsett	
28.-08.ág	HM öldunga	Lathi	Finland
31.-2. ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Grundarfirði	
<u>Ágúst:</u>			
08.-09.	Bikarkeppni FRÍ	óstaðsett	
15.-16.	MÍ 11-14 ára	óstaðsett	
15.-16.	MÍ öldunga	óstaðsett	
15.-23.	Heimsmeistaramótið	Berlín	Þýskaland
22.	Reykjavíkumaraþon Glitnis	Reykjavík	
22.-23.	NM 19 ára og yngri	óstaðsett	Finland
29.-30.	MÍ 15-22 ára	óstaðsett	
<u>September:</u>			
05.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	óstaðsett	
<u>Október:</u>			
10.	Víðavangshlaup Íslands	óstaðsett	
31.	NM í víðavangshlaupum	óstaðsett	Finland

Engar umræður urðu um mótaskrá fyrir árið 2009 og var tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Þingskjal 11c

Tillaga að mótaskrá FRÍ 2010 – Innanhúss

Gunnar Sigurðsson óskaði eftir því að skýrt verði hvar mótin fari fram.

Janúar:

16.-17.	Reykjavík International – Stórmót ÍR	Laugardalshöll	ÍR
23.	Reykjavíkurlleikar?		FRÍ/FÍRR
30.-31.	MÍ 15-22 ára	Laugardalshöll	

Febrúar:

06.-07.	MÍ aðalhluti	Laugardalshöll	
13.-14.	MÍ öldunga	Laugardalshöll	
20.-21.	MÍ í fjölþrautum	Laugardalshöll	
27.	Bikarkeppni FRÍ	Laugardalshöll	FRÍ/félög

Mars:

06.-07.	MÍ 12-14 ára	Laugardalshöll	
12.-14.	13. HM innanhúss	Doha	Katar
	10. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett	

Tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

Pingskjal 12

Áætlun um mótahald

A. Meistaramót Íslands og Bikarkeppni, innanhúss

2008-2012

Mót:	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
MÍ aðalhluti	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir
MÍ 15-22 ára	Bblik	FH	Ármann	Bblik(ÍR)	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR
MÍ 12-14 ára	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann
MÍ í fjölþrautum	ÍR	Fjöltnir	Bblik	Bblik(FH)	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH
MÍ öldunga	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	ÍR	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik
Bikarkeppni FRÍ				FRÍ/Fél.	FRÍ/Fél.	FRÍ/Fél.	FRÍ/Fél.	FRÍ/Fél.	FRÍ/Fél.

B. Meistaramót Íslands og Bikarkeppnir, utanhúss

2008-2012

Mót:	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
MÍ aðalhluti	Fjöltnir	UÍA	Ármann	UMSS	Ármann	FH	ÍR	HSK	Fjöltnir
Bikarkeppni FRÍ	FH	ÍR	UMSS	Á/Fjöltnir	Bblik	ÍR	UMSS	Á/Fjöltnir	UFA/UMSE
Bikarkeppni 16 ára	UMSB	HSK	Fjöltnir	ÍR	UMSS	USVS	HSP	FH	ÍR
MÍ 12-14 ára	ÍR	FH	UMSS	UMSB	HSP	USÚ	Bblik	USVS	Ármann
MÍ 15-22 ára	HSK	UMSS	Bblik	HSP	UFA/UMSE	FH	UMSB	UFA/UMSE	USÚ
MÍ í fjölþrautum	Ármann	UMSS	UÍA	ÍR	UMSB	UFA/UMSE	Fjöltnir	HSP	HSK
MÍ í Víðavangshl.	UÍA	ÍR	FH	Bblik	ÍR	HSK	Ármann	UMSB	Fjöltnir
MÍ öldunga					HSK	Fjöltnir	UMFA	Bblik	UMSB
MÍ í 5000/10000m					Ármann	FH	ÍR	HSK	Fjöltnir

Friðrik Steinsson lagði fram fyrirspurn um hvort Akureyrarvöllur verði tilbúinn í tæka tíð fyrir landsmót á næsta ári.

Arnþór Sigurðsson svaraði því til að búið sé að ræða þann möguleika að völlurinn verði ekki tilbúinn á Akureyri en að taka yrði á málinu ef þörf krefði.

Varðandi mótahald árið 2010 lýsti hann áhuga á að MÍ 12-14 ára verði haldi utan höfuðborgarsvæðisins og bað um að fá að skoða það nánar.

Katrín G. Pálsdóttir, UFA, sagði að hugsanlega verði völlurinn ekki tilbúinn fyrir landsmót UMFÍ 2009. Hún sagði nauðsynlegt að fá þetta mót til Akureyrar til að lifa frjálsíþróttastarfinu þar upp. Hún ræddi hvernig áætlað væri að þjálfa sitt starfsfólk árið 2009.

MÍ 15-22 ára verður þeirra vettvangur til að öðlast reynslu sem mun nýtast við skipulagningu Landsmóts UMFÍ. Hún sagði UFA-UMSE vera staðráðin í að halda landsmótið.

Ragnheiður Ólafsdóttir sagði að ekki væri búið að gaumgæfa nógu vel röðunarkerfið.

Það væri mikilvægt að skapa verkefni fyrir smærri staðina með 4 brauta velli. Hún ræddi kostnaðarþátt félaga af höfuðborgarsvæðinu en 70% þátttakenda séu þaðan. Hún kom með þá hugmynd að það færi kannski best á því að hafa MÍ 12-14 ára annað hvert ár úti á landi og tók undir röksemdafærslu Arnþórs í því sambandi. Hún lagði áherslu á það í lokin að gæta þurfi að jafnvægi í dreifingu móta.

Ari H. Jósavínsson, UMSE, sagði hættulegt að ræða um landsbyggðina gegn höfuðborginni í þessu samhengi. Hann benti á að nú sé í fyrsta skipti í 8 ára að stórt mót sé haldið í Eyjafirði og sagði að mikill kostnaður væri fyrir landsbyggðina vegna allra móta.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson sagði óhjákvæmilegt að innanhússmótin fari fram á höfuðborgarsvæðinu í nánustu framtíð. Þá sagðist hann styðja tillögu Arnþórs um MÍ 12-14 ára.

Guðlaug Baldvinsdóttir benti á að búið sé að samþykkja frjálsíþróttavöll í Grafarvogi.

Eggert Bogason fjallaði um mótamál meistaraflokks og sagði það mjög kostnaðarsamt að leggjast í ferðalög. Hann taldi að peningum væri illa varið þegar farið væri með meistaraflokkana út á land.

Arnþór Sigurðsson vildi undirstrika að verið sé að byggja upp starfsemi úti á landi og að nýta þurfi aðstöðuna. Vellirnir verða að fá verkefni og MÍ 12-14 ára passar vel á þessa velli. Þátttaka á þessu móti er ágæt og ekki síst mikilvægt að mikil þátttaka er oftast af hálfu heimamanna.

Gísli Sigurðsson ræddi að kortleggja þurfi á hvernig völlum hvert verkefni passar. Hann lagði til að Arnþór dragi tillögu sína til baka.

Friðrik Steinsson benti á mikilvægi þess að viðhalda þekkingu starfsmanna og að skapa þeim verkefni.

Dóra Gunnarsdóttir benti á að Vilhjálmsvöllur væri ekki tilgreindur á áætluninni. Þar væri því miður ekkert starf en FRÍþyrfti að koma og reyna að lífga starfið við. Hún sagði nóg af mannskap sem hægt væri að virkja. Hún lýsti þeirri skoðun sinni að það væri á höndum FRÍ að efla starfið.

Þingskjal 26

Nefndin lagði til að bætt væri við tillöguna (skáletrað) og að hún yrði samþykkt þannig

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl, óskar eftir því við stjórn FRÍ að gerð verði grein fyrir stöðu á eftirtöldum verkefnum sem voru samþykkt af 55. frjálsíþróttapeingi FRÍ á núverandi þingi.

Samþykkt samhljóða.

Laganefnd

Þingskjal 4

Tillaga um breytingu á 5. grein reglugerðar um Bikarkeppni FRÍ, 2. deild.

56. frjálsíþróttapeing haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir eftirfarandi breytingar á 5. grein reglugerðar um Bikarkeppni FRÍ:

5. gr.

Bikarkeppni FRÍ skal fara fram á tveimur dögum. Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra á daga skal vera með eftirfarandi hætti:

1. deild.

Fyrri dagur:

Karlar: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 400 m gr hl, 3000 m hindrunarhl, 4 x 100 m boðhl., langstökk, stangarstökk, kúluvarp og spjót kast

Konur: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 400 m gr hl, 4 x 100 m boðhl, hástökk, þrístökk, kúluvarp og spjót kast.

Seinni dagur:

Karlar: 200 m hl, 800 m hl, 5000 m hl, 110 m gr hl, 1000 m boðhl, hástökk, þrístökk, kringlukast og sleggjukast.

Konur: 200 m hl, 800 m hl, 3000 m hl, 100 m gr hl, 1000 m boðhl, stangarstökk, langstökk, kringlukast og sleggjukast

2.deild.

Einn keppnisdagur:

Karlar: 100 m. hl. 110 m gr hl, 400 m hl, 1500 m hl, 3000 m hl, 1000 m boðhl, langstökk, þrístökk, hástökk, kúluvarp, spjót kast og kringlukast.

Konur: 100 m. hl. 100 m gr hl, 400 m hl, 1500 m hl, 3000 m hl, 1000 m boðhl, langstökk, þrístökk, hástökk, kúluvarp, spjót kast og kringlukast.

Draga skal fyrirfram um röðun á brautir og kast- og stökkroð. Stjórn FRÍ útbýr og sendir út til keppnisliða tímaseðil fyrir keppnina með fjögurra vikna fyrirvara.

Greinargerð:

Mikilvægt er að minni félög og héraðssambönd hafa tækifæri á því að taka þátt í Bikarkeppni, ástæða er því til þess að fella úr greinargerðinni töluverðan fjölda greina og gera keppnina að einum keppnisdegi.

Stjórn FRÍ.

Nefndin lagði til að í 2. deild yrðu 200m hl. og stangarstökk tekin út og 4x100 breytt í 1000m boðhlaup miðað við upprunalega tillögu.

Þannig samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

Tillaga um breytingu á reglugerð um MÍ 12-14 ára utanhúss. Frá stjórn FRÍ.

56. frjálsíþróttatæping haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir eftirfarandi breytingar á 2. grein reglugerðar um Meistaramót Íslands 12-14 ára utanhúss.

2.4 Meistaramót Íslands 11-14 ára.

2.4.1 Meistaramót Íslands 11-14 ára, skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.

2.4.2 Keppt skal í fjórum aldursflokkum.

2.4.2.1 Aldursflokkur 14 ára, piltar og telpur.

2.4.2.2 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 14 ára á árinu, þó mega 13 ára piltar/telpur keppa í boðhlaupi ef félag þeirra sendir ekki boðhlaupssveit í þeirra flokki.

- 2.4.2.3 Aldursflokkur 13 ára, piltar og telpur.
- 2.4.2.4 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 13 ára á árinu, þó mega strákar/stelpur keppa í boðhlaupi ef félag þeirra sendir ekki boðhlaupsveit í þeirra flokki.
- 2.4.2.5 Aldursflokkur 12 ára, strákar og stelpur.
- 2.4.2.6 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 12 ára á árinu.
- 2.4.2.7 Aldursflokkur 11 ára, strákar og stelpur.
- 2.4.2.8 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 11 ára á árinu.
- 2.4.3 Kepnisgreinar samkvæmt grein 5.1 eins og hún er samþykkt á ársþingi FRÍ.
- 2.4.4 Á mótinu skal keppt til stiga á milli félaga, samkvæmt grein 3.6.
- 2.4.5 Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða 11-14 ára og eru lögð saman stigin úr flokkum 11 ára stráka, 11 ára stelpna, 12 ára stráka, 12 ára stelpna, 13 ára telpna, 13 ára pilta, 14 ára telpna og 14 ára pilta.
- 2.4.6 Þeir keppendur sem ná 16 bestu tímum í undanrásum í spretthlaupum á mótinu taka sæti í úrslitum. Ef tveir eða fleiri ná sama tíma í 16. sæti skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.
- 2.4.7 Í langstökki 11 og 12 ára má stökkva af eins metrassvæði. Bent er á sérreglur FRÍ í þessu sambandi. Met sett undir þessum kringumstæðum gilda ekki upp í eldri aldursflokka.
- 2.4.8 Þrátt fyrir almenn ákvæði um þjófstört er keppendum í aldursflokkum 14 ára og yngri heimilað eitt þjófstart hverjum.

Greinargerð:

Töluverð fækkun hefur orðið á þátttöku á MÍ 12-14 ára utanhúss á undanförunum árum. Þátttaka á Unglingalandsmótum UMFÍ hefur hinsvegar aukist á sama tíma í. Nauðsynlegt er að MÍ 12-14 ára mótið sé fjölmennur atburður, bæði fyrir mótshaldara og ekki síður keppendur.

Stjórn FRÍ

Þingskjöl 8 og 9 voru tekin saman í umræðum og atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 9

Tillaga um breytingu á reglugerð um MÍ 12-14 ára innanhúss. Frá stjórn FRÍ.

56. frjálfsþróttáþing haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir eftirfarandi breytingar á 2. grein reglugerðar um Meistaramót Íslands 12-14 ára innanhúss.

2.4. Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss

- 2.4.1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
- 2.4.2. Þátttökurétt eiga þeir sem verða 11 til 14 ára, árið sem keppnin fer fram.
 - 2.4.2.1. Keppnisflokkar verða eftirtaldir: Strákaflokkur 11 ára, stelpnaflokkur 11 ára, strákaflokkur 12 ára, stelpnaflokkur 12 ára, piltaflokkur 13 ára, piltaflokkur 14 ára, telpnaflokkur 13 ára og telpnaflokkur 14 ára.
 - 2.4.2.2. Í strákaflokki 11 ára og stelpnaflokki 11 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 11 ára á árinu þátttökurétt.
 - 2.4.2.3. Í strákaflokki 12 ára og stelpnaflokki 12 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 12 ára á árinu þátttökurétt**
 - 2.4.2.4. Í piltaflokki 13 ára og telpnaflokki 13 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 13 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.6..
 - 2.4.2.5. Í piltaflokki 14 ára og telpnaflokki 14 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 14 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.6..
 - 2.4.2.6. Keppnisgreinar:
 - Strákaflokkur og stelpnaflokkur 11 ára: 60 m hlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.
 - Strákaflokkur og stelpnaflokkur 12 ára: 60 m hlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Piltaflokkur 13 ára og telpnaflokkur 13 ára: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Piltaflokkur 14 ára og telpnaflokkur 14 ára: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

2.4.2.7. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. Einnig mega einstaklingar í flokkum stráka og stelpna keppa í 60 m grindahlaupi í flokkum 13 pilta og telpna.

2.4.2.8. Keppendur 11 og 12 ára skulu stökkva af eins metra svæði í stað planka í langstökki. Bent er á sérreglur FRÍ í þessu sambandi. Met undir þessum kringumstæðum gilda ekki upp í eldri aldursflokka

2.4.2.9. Þeir keppendur sem ná 8 bestu tímum í undanrásum í 60 m grindahlaupi og 60 m hlaupi taka sæti í úrslitum. Ef fleiri en tveir ná 8 besta tíma skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.

2.4.2.10. Þrátt fyrir almenn ákvæði um þjófstörk er keppendum í aldursflokkum 14 ára og yngri heimilað eitt þjófstart hverjum.

2.4.2. Á mótinu skal keppt til stiga milli félaga í öllum flokkum, samkvæmt grein 3.7.

2.4.3. **Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða 11-14 ára, þannig að lögð eru saman stig úr flokkum 11 ára stráka og stelpna, 12 ára stráka og stelpna, 13 ára pilta og telpna og 14 ára pilta og telpna.**

Greinargerð:

Lögð er fram sér tillaga um mótahald Meistaramóts Íslands 12-14 ára innanhúss. Ástæða þess er að innanhússmótið ólíkt utanhúsmótinu hefur haldið nokkuð þáttökufjölda og er því ástæða til þess að skoða innanhúsmótið og utanhúsmótið í aðskildri umræðu.

Stjórn FRÍ.

Níu af 13 manns í nefndinni studdu tillögurnar, 3 voru á móti en 1 sat hjá.

Friðrik Steinsson kvað sig fylgjandi tillögunum og taldi það vera styrk fyrir frjálsíþróttir að hafa 11 ára með á MÍ.

Hlynur C. Guðmundsson sagði að ef þessar tillögur verði samþykktar værum við að stíga skref aftur á bak og þvert á móti stefnu ÍSÍ. Las hann valda þætti í stefnu ÍSÍ máli sínu til stuðnings. Hann sagði að á þessum aldri ætti þjálfun að vera aðalatriði, en keppni aukaatriði. Hann sagði að það þyrfti að draga úr áherslu á sigur en auka áherslu á þátttöku.

Hann benti á að málunum væri öðruvísi farið á hinum norðurlöndunum, þar væru engir krýndir landsmeistarar í þessum ungu aldursflokkum. Í Bandaríkjunum er eingöngu um fylkismeistara að ræða á þessum aldri. Hann vildi frekar leggja áherslu á skólaþríþrautina sem hann sagði að væri góður vettvangur fyrir okkur til að koma okkur á framfæri.

Margrét Héðinsdóttir tók undir með Hlyni. Samræmi í innan og utanhúss pakkanum Rök, fjölga þátttakendum

Hún benti á að niðurstöður rannsókna sýni að það vanti ekki iðkendur á þessum aldri. Fókusinn ætti að vera 15 ára og eldri og hindra brottfall í þeim hópi.

Framkvæmd mótsins er mjög yfirgripsmikil í dag og með því að fjölga um 1 árgang þá eykst þunginn enn frekar. Hún taldi einnig mikill þroskamunur á þessum aldri mælti á móti þessari breytingu.

Ragnheiður Ólafsdóttir sagði góð og gild rök gegn því að 11 ára aldursflokkurinn verði tekinn inn. Þá benti hún á að frjálsíþróttahreyfingin hafi haldið stíft í hefðirnar um uppeldisfræðilegt gildi sitt. Hins vegar er spurning um það hvort við erum samkeppnisfær við boltagreinar sem eru með meiri verkefni en við fyrir þennan aldurshóp. Ef við tökum þennan aldursflokk inn gefst okkur aukið sóknarfæri. Hún spurði hvort að við værum með næg verkefni og hvort að við getum kannski skipulagt samvinnu milli félaga fyrir þennan aldurshóp.

Arnþór Sigurðsson sagði tillöguna fram komna vegna fækkunar þátttakenda í þessum flokki undanfarin ár. Hann sagði nauðsynlegt að gera mótið að meiri hátíð.

Hlynur C. Guðmundsson varpaði fram þeirri hugmynd að setja upp mótaseríu á vegum FRÍ fyrir 11 ára og yngri.

Friðrik Steinsson sagði það mikilvægt að ungu krakkarnir væru að horfa á eldri keppendur.

Tillaga á þingskjali 8 var þá borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Tillaga á þingskjali 9 var þá borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Þingskjal 13

Lagt er til að svohljóðandi breyting verði gerð á 1. ml. 6. gr. laga FRÍ:

Frjálsíþróttahringur skal haldið í mars eða apríl hvert ár sem endar á oddatölu.

Greinargerð:

Í stað þess að halda þing FRÍ á árum sem enda á jafnri tölu, er lagt til að FRÍ þing verði framvegis haldin á árum sem enda á oddatölu. Er það gert til samræmis við breytingar á þingum ÍSÍ, sem færð hafa verið á ár sem enda á oddatölu, frá og með 2009. Meðal verkefna FRÍ þings er að kjósa fulltrúa á þing ÍSÍ, sem að jafnaði eru haldin í apríl eða maí. Eins verða þing annarra sambandsaðila færð á oddatölu ár, t.d. hjá ÍBR.

ÍBR/ÍR

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.
Tillagan var þar með felld samhljóða.

Þingskjal 14

Viðbótarákvæði til bráðabirgða við lög FRÍ.

Kjörtímabilið, sem hefst við lok Frjálsíþróttahringings árið 2008, verði eitt ár, en framvegis verði kjörtímabil milli þinga tvö ár.

Greinargerð:

Í ljósi breytinga vegna tillögu 1 er nauðsynlegt að ákveða hvenær og með hvaða hætti hún tekur gildi. Úr því að ekki voru ákveðnar breytingar á síðasta Frjálsíþróttahringi (árið 2006) er nauðsynlegt að næsta kjörtímabil verði eitt ár, en lög ÍSÍ heimila ekki lengri tímabil en tvö ár hjá sérsamböndum, sbr. gr 54.2. Skv. ofangreindu verður því næsta þing FRÍ haldið í mars eða apríl 2009.

ÍBR/ÍR

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.
Tillagan var þar með felld samhljóða.

Pingskjal 15

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með þeirri breytingu að einungis skuli gefin stig fyrir árangur upp á 600 stig eða meira. Sú breyting er skáletruð hér að neðan.

Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramóts Íslands fyrir 56. frjálsíþróttapeing FRÍ 2008

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að taka upp árangurstengda stigakeppni í karla- og kvennaflokki á Meistaramóti Íslands utanhúss, eins og gert er í Meistaramóti Íslands, innanhúss. Einnig verði skilgreindur árangur til að fá stig í keppninni. Þá verði eingöngu reiknaður til stiga aðalhluti Meistaramótsins.

Grein 3.5 breytist og verður þannig.

Stigakeppni á Meistaramóti Íslands. Fer þannig fram að sex fyrstu í hverri grein skulu telja til stiga sem skulu reiknuð út frá árangri keppenda samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu. Ef keppendur sem verða meðal 6 fyrstu ná ekki 600 stigum samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu, fá þeir ekki stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki. Stigakeppnin nær til **aðalhluta MÍ**, ekki annarra hluta Meistaramótsins.

Grein 3.6 og 3.7 færast þá til, einnig þarf að gera ráð fyrir réttum tengingum frá aldursflokkum

- 3.6 Stigakeppni á Unglingameistaramóti Íslands. Fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 6 stig og koll af kalli þannig að 6. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.
- 3.7 Stigakeppni á Íslandsmóti 12-14 ára. Fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig og koll af kalli þannig að 10. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.

Rökstuðningur:

Á Meistaramóti Íslands á að leggja áherslu á góðan árangur og því liggur beint við að tengja stigagjöfina við árangur, þannig eru meiri líkur til þess að iðkendur leggi sig fram í fáum greinum í stað þess að ná miðlungsárangri í mörgum greinum. Því er raunhæft að taka upp árangurstengda stigakeppni en slík stigakeppni hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár. Einnig er rétt að gefa einungis stig fyrir árangur sem gefur 500 stig eða meira samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu, er það gert til að halda ákveðnum “standard” á Meistaramótinu, þar sem ekki er gert ráð fyrir lágmarkum á mótið. Á Meistaramóti Íslands innanhúss er eingöngu keppt til stiga á aðalhluta Meistaramótsins en ekki samanlagt úr fjölþrautarmótinu og aðalhlutanum, teljum við það vera réttara ef yfir höfuð á að vera stigakeppni á Meistaramóti.

Frjálsíþróttadeild FH

Sigurbjörn Árni Arngrímsson spurði meðhöndlun vindarángurs þar sem lið með góða stökkvara græða á vindi en lið með sterka langhlaupara tapi á vindinum. Þá spurði hann um rök fyrir því af hverju væri miðað við 600 stig.

Ásbjörn Karlsson
Vandi á ferðinni,

Sigurður Albert Ármannsson taldi okkar viðfangsefni á að vera að auka þátttöku en ekki að takmarka hana og sagði Tillöguna vera andstæða stefnu hreyfingarinnar. Hann lagði til að tillöggunni yrði vísað frá.

Ragnheiður Ólafsdóttir sagði tillöguna ekki takmarka þátttöku. Þá ræddi hún um tilgang stigakeppni en sagði jafnframt árangur og Íslandsmet ættu að vera aðalatriði, stigakeppnin sem bónus.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson spurði hverjum bæri borga verðlaunin.

Tillagan var þá sett í atkvæðagreiðslu og var samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Þingskjal 16

Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramóts Íslands fyrir 56. frjálsíþróttahátíð 2008

56. frjálsíþróttahátíð FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að verðlauna besta *löglega* árangur karla- og kvenna á Meistaramóti Íslands utanhúss.

Ný grein 3.7 (eða 3.8) verður þannig.

Keppandi með besta löglega afrek í karlaflokk og kvennaflokk samkvæmt stigatöflu IAAF skal fá sérverðlaun á mótinu.

Rökstuðningur:

Á Meistaramóti Íslands á að leggja áherslu á góðan árangur og því liggur beint við að verðlauna þá einstaklinga sem flest stig fá í einni grein. Verðlaun gætu verið t.d. flugmiði til útlanda eða eitthvað sambærilegt.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum (skáletur). Var hún samþykkt þannig samhljóða.

Þingskjal 17

Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramóts Íslands innanhúss fyrir 56. frjálsíþróttahátíð 2008

56. frjálsíþróttahátíð FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að bæta við keppni í lóðkasti í karla- og kvennaflokk á Meistaramótinu, í dag er heimilt fyrir mótshaldara í samráði við FRÍ að halda keppni í lóðkasti.

Grein 1.1.1.1 verði þá eftirfarandi:

1.1.1.1. Keppnisgreinar

Fyrri dagur:

Karlar: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp.

Konur: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, langstökk, hástökk kúluvarp.

Seinni dagur:

Karlar: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, langstökk, hástökk, 4×400 m boðhlaup, lóðkast.

Konur: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, þrístökk, stangarstökk, 4×400 m boðhlaup, lóðkast.

Rökstuðningur: Á Meistaramóti Íslands innanhúss á að bjóða upp á keppni í lóðkasti og með því að bjóða upp á keppni í tveimur kastgreinum á mótinu fyrir karla og konur.

Frjálsíþróttadeild FH

Meirihluti nefndarinn lagði til að tillagan yrði felld.
Álit nefndarinnar var samþykkt samhljóða og tillagan felld.

Þingskjal 18

Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramóts Íslands innanhúss fyrir 56. frjálsíþróttáþing FRÍ 2008

56. frjálsíþróttáþing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að einstaklingar verði að ná lágmarksárangri sem verði 600 stig samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu til að fá stig í keppinni. Grein 3.5 mun hljóða svo:

3.5. Stigakeppni á Meistaramóti Íslands. Fer þannig fram að sex fyrstu í hverri grein skulu telja til stiga sem skulu reiknuð út frá árangri keppenda samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu. Ef keppendur sem verða meðal 6 fyrstu ná ekki 600 stigum samkvæmt stigatöflu IAAF fá þeir ekki stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.

Rökstuðningur:

Á Meistaramóti Íslands á að leggja áherslu á góðan árangur. Því er rétt að gefa einungis stig fyrir árangur sem gefur 500 stig eða meira samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu, er það gert til að halda ákveðnum “standardi” á Meistaramótinu, þar sem ekki er gert fyrir lágmarkum á mótið.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með þeirri breytingu að miðað sé við 600 stig í stigatöflu IAAF (breyting skáletruð).
Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 19

Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramóts Ísland, innanhúss fyrir 56. frjálsíþróttáþing FRÍ 2008

56. frjálsíþróttáþing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að *verðlauna keppanda með besta árangur* karla og kvenna á Meistaramóti Íslands innanhúss.

Ný grein 3.8 verður þannig.

Keppandi með besta afrek í karlaflokki og í kvennaflokki samkvæmt stigatöflu IAAF skal fá sérverðlaun á mótinu.

Rökstuðningur:

Á Meistaramóti Íslands á að leggja áherslu á góðan árangur og því liggur beint við að verðlauna þá einstaklinga sem flest stig fá í einni grein. Verðlaun gætu verið t.d. flugmiði til útlanda eða eitthvað sambærilegt.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með dálitlum orðalagsbreytingum (skáletraðar).
Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 20

Upprunaleg tillaga hljóðaði svo:

Tillaga til breytinga á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss fyrir 56. frjálsíþróttapeing FRÍ 2008

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að fjölga keppnisgreinum í Bikarkeppni FRÍ, innanhúss, bæta skal við greinunum lóðkasti og 400 m hlaupi fyrir bæði kyn. Fjórða greinin hljóðar þá svo:

4.grein.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar eru (bæði kyn): 60 m hl., 60 m gr.hl., 200 m hl., 400 m hl., 800 m hl., 1500 m hl., hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp, lóðkast og 4x400 m boðhlaup.

Rökstuðningur:

Í Bikarkeppni FRÍ, innanhúss er keppt í fjórum stökkgreinum, en aðeins einni kastgrein sem er mjög óeðlilegt, þá er keppt í 400 m hlaupi á öllum stærri mótum innanhúss.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að lóðkast yrði fellt út úr upprunalegri tillögu þar sem fjallað er um keppnisgreinar en að hún yrði samþykkt að öðru leyti. 4. greinin hljóðaði þá svo:

4.grein.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar eru (bæði kyn): 60 m hl., 60 m gr.hl., 200 m hl., 400 m hl., 800 m hl., 1500 m hl., hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x400 m boðhlaup.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson ræddi bæði möguleikann á því að fækka greinum þannig að ljúka mætti keppni á einni klukkustund sem væri tilvalið sem sjónvarpsefni eða að hafa hafa keppnina fyrir okkur sem 2 daga keppni og bæta þá við 400 og 3000m hlaupum. Keppnisgreinar á hvorum degi yrðu þá þær sömu og á MÍ aðalhluta. Lagði hann fram tillögu þessa efnis.

Arnþór Sigurðsson kvaðst sammala SÁA um að þetta mót sé það besta til að koma í sjónvarp en ósammála um að setja það á 2 daga og fjölga greinum. Leggja þarf áherslu á að koma þessu móti í sjónvarpið.

Sigurbjörn Árni ræddi um timalengdina og fjölda greina sem passa fyrir sjónvarp.

Ragnheiður Ólafsdóttir ræddi um vægi milli greina. Spurning væri hvort ekki væri betra að taka út 1 stökkgrein til að bæta inn hlaupagrein, og þá 400m.

Guðlaug Baldvinsdóttir kom með breytingartillögu fyrir hönd ÍBR þess eðlis að taka 200m út en taka 400m og 3000m inn.

Gunnar Sigurðsson benti á að þetta mót væri tilvalið fyrir stjórn FRÍ til að auka á vinsældir frjálsíþróttá á Íslandi.

Breytingartillaga Sigurbjörns Árna var felld með þorra atkvæða en 4 greiddu henni atkvæði sitt. Breytingartillaga ÍBR var felld með 15 atkvæðum gegn 14 atkvæðum með tillögunni.

Tillagan eins og hún kom úr nefnd var síðan samþykkt með með þorra atkvæða gegn einu.

Pingskjal 21

Tillaga til breytinga á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss fyrir 56. frjálsíþróttaping FRÍ 2008

56. frjálsíþróttaping FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að endurskoða grein 2 vegna Bikarkeppni innanhúss.

FH leggur til að 2. grein hljóði svo:

2.grein.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga eða sambanda til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppninnar í hvorum flokki. *Ef lið senda fleiri en eitt lið til keppni telja B liðin ekki til stiga.* Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 6 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestþátttaka er óheimil.

Rökstuðningur:

Þegar reglugerðin var samin var ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að landshlutar og eða mörg íþróttahéruð gætu sameinast undir einu merki og tekið þátt í mótinu eins og Norðurland gerði í síðustu Bikarkeppni. Með þessari grein í reglunum gæti t.d. höfuðborgarsvæðið sent nokkur lið undir A,B, C liðum, sem við teljum ekki vera frjálsíþróttum til góðs.

Einnig er lagt til að B lið telji ekki til stiga, en einstaklingar í B liðum gætu aðstoðað A liðin í keppninni.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til breytingu við tillöguna þannig að 2. grein hljóði svo:

2.grein.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga/sambanda *eða fleiri*, til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppninnar í hvorum flokki. *Ef lið senda fleiri en eitt keppnislið til keppni telja A liðin aðeins til stiga.* Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 6 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestþátttaka er óheimil.

Sigurður Árni Arngrímsson útlistaði hvernig B-liðsmaður getur hjálpað A-liðsmanni sem getur haft áhrif á úrslitin.

Margrét Héðinsdóttir lagði fram breytingartillögu frá ÍR þess efnis að liðurinn um að B-liðin fá ekki stig verði felldur út.

Sigurður Albert Ármannsson sagði fleiri en eitt keppnislið vera af hinu góða.

Breytingartillaga ÍR var samþykkt með 21 atkvæði gegn 12.

Þá leit tillagan um 2. grein út með eftirfarandi hætti:

2.grein.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið **tveggja félaga/sambanda** eða fleiri, til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppinnar í hvorum flokki. Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 6 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestþátttaka er óheimil.

Tillagan með áorðnum breytingum var samþykkt með 21 atkvæði gegn 10.

Þingskjal 22

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að röðun í riðla á Meistaramótum og Bikarkeppnum skuli vera á ábyrgð mótshaldara og ef keppt er í beinum úrslitum í greinum, skal besti árangur á árinu vera notað til viðmiðunar, en ekki eldri árangur keppenda

Rökstuðningur:

Það hefur komið upp mjög oft á síðustu árum að mótshaldarar hafa ekki raðað bestu einstaklingunum saman í riðla þegar um bein úrslit er að ræða. Til að þetta geti gengið þarf afreksskrá FRÍ að vera uppfærð reglulega og mótshaldarar að skrá mót sín á mótaforriti FRÍ.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt með breytingum og hljóði þá svo:

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að röðun í riðla á Meistaramótum skuli miðast við besta árangur keppanda seinustu átta mánuði.

Arnþór Sigurðsson kvaðst túlka þetta þannig að þetta gildi einnig fyrir þá sem ekki hafa keppt undangengna 8 mánuði fyrir keppnina.

Fulltrúi FH benti á að sama fyrirkomulag gildi jafnt innan- og utanhúss.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 23

56. frjálsíþróttapeing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni ársins, en breyta átti reglugerð fyrir ársþing 1992.

Lagt er til að frjálsíþróttakarlar og kona ársins verði valin samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu, eða árangri á stórmóti.

Reglugerðin hljóðar nú svo:

XII. SAMÞYKKT UM KJÖR ÍÞRÓTTAMANNNS ÁRSINS

45. ársþing FRÍ, haldið á Laugarvatni 23.-24. nóvember 1991, samþykkir að fulltrúar á ársþing FRÍ, ásamt stjórn, varastjórn og nefndarformönnum FRÍ, kjósi frjálsíþróttakarlar og konu ársins. Kjörrið fari fram á ársþingi FRÍ ár hvert. Tillaga að lagabreytingu og reglugerð verði lögð fyrir næsta ársþing FRÍ.

Frjálsíþróttadeild FH

Nefndin leggur til að vísa þessu máli til stjórnar.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til stjórnar FRÍ.

Þingskjal 24

56. frjálssíþróttabing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að fella niður Bikarkeppni FRÍ í fjölþrautum, en ekki hefur verið keppt í Bikarkeppni í fjölþrautum í nokkur ár.

3. BIKARKEPPNI FRÍ Í FJÖLÞRAUTUM

1. gr.

Keppnin heitir Bikarkeppni FRÍ í fjölþrautum. Keppnin skal haldin árlega og keppt skal í sjöþraut kvenna og tugþraut karla.

2. gr.

Keppnin er sveitakeppni félaga eða héraðssambanda. Hverja sveit skipa 2 íþróttamenn eða konur. Þátttökuréttur er óbundinn. Tveir stigahæstu keppendur félags mynda A-sveit þess, tveir næstu B-sveit þess o.s.frv.

3. gr.

Það félag sem hlýtur samanlagt flest stig í sjöþraut kvenna, hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari í sjöþraut” og það félag sem flest stig hlýtur samanlagt í tugþraut „Bikarmeistari í tugþraut”.

4. gr.

Stjórn FRÍ skal heimilt að halda mótið samhliða Meistaramóti Íslands í fjölþrautum.

Br. 1990

Frjálssíþróttadeild FH

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 25

56. frjálssíþróttabing FRÍ haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl samþykkir að vinna að reglugerð um afreksstefnu sambandsins. Í reglugerðinni skal koma fram skýr markmið FRÍ vegna íþróttamanna sem eru í allra fremstu röð og hvernig sambandið ætli að styðja við þá einstaklinga til að ná enn betri árangri.

Frjálssíþróttadeild FH

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar FRÍ.
Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til stjórnar FRÍ.

Þingskjal 27

Tillaga um breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss.

56. frjálssíþróttabing haldið í Reykjavík 18. og 19. apríl 2008 samþykkir eftirfarandi breytingar á 2. grein reglugerðar um Meistaramót Íslands innanhúss.

2.1.2.4. Samhliða mótinu fer fram keppni í sjöþraut sveina og drengjaflokkum, auk fimmtarþrautar í meyjaflokki. Keppt skal með viðeigandi áhöldum í kúluvarpi og í grindahlaupi skal vera viðeigandi bil og hæð á grindum.

Greinargerð:

Keppt er í drengjaflokki í tugþraut utanhúss. Mikið stökk er milli sveinaflokks og karlaflokks hvað þyngdir áhalda varðar. Hætt er við að ef ekki er boðið uppá keppni í drengjaflokki heltist margir efnilegir fjölþrautarunglingar úr lestinni.

Gunnar Sigurðsson

Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað
Samþykkt samhljóða að vísa henni til stjórnar FRÍ.

Kosningar

Kosning formanns. og annarra stjórnarmanna
Eftirfarandi tillögur uppstillinganefndar voru samþykktar samhljóða:

Formaður:
Ásdís Halla Bragadóttir

Aðrir stjórnarmenn:
Hörður Sverrisson,
Gestur Guðjónsson,
Guðlaug Baldvinsdóttir og
Gunnar Sigurðsson.

Varastjórn:
Birgir Guðjónsson,
Dóra Gunnarsdóttir,
Felix Sigurðsson,
Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir og
Stefán Jónasson.

Kosning 2 skoðunarmanna reikninga

??????

Kosning fulltrúa á Íþróttahing ÍSÍ

??????

Önnur mál

Arnþór Sigurðsson svaraði fyrirspurnum frá FH í þremur liðum.

1. Um sameiginlegan starfsmann með SSÍ. Hann sagði ekki til fjármagn í slíkt en að hins vegar hafi verið samband þar á milli.
2. Um endurskoðun laga sagði hann að Ásbjörn Karlsson hafi tekið það að sér og hefur skilað af sér því verkefni og séu tillögur hans komnar inn á heimasíðu FRÍ. Hann hvatti menn til skoða lög og reglur FRÍ og fundasköp.
3. Varðandi garpsmerkið sagði hann að endurskoða þurfi reglugerðina.

Dóra Gunnarsdóttir óskaði nýrri stjórn til hamingju og þakkaði Arnþóri og fráfarandi stjórn vel unnin störf. Þá ræddi hún fatamálin og hvað þar vantaði upp á.

Bekkur ÍSÍ ekki nógu góður, fá nýjan bekk

Birgir Guðjónsson sagði nauðsyn að skerpa á kunnáttu fólks í fundarsköpum. Þá sagði hann hugmyndafræði í hreyfingunni mótsagnakennda því ýmist væri tekin stefna á afreksmennsku eða fjöldaþátttöku.

Egill Eiðsson kom á framfæri kveðju frá Jónasi Egilssyni. Þá þakkaði hann Arnþóri Sigurðssyni og fráfarandi stjórn samstarfið.

Arnþór Sigurðarson þakkaði stjórninni og Agli samstarfið og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið.

Eggert Bogason sagði sér finnast sem stjórn FRÍ hafi gleymt að OL séu í ár.

Ræða við hann um hvort hann vill almennt fara á OL

Magnús Jakobsson kom á framfæri hamingjuóskum til nýrrar stjórnar og þakkaði fráfarandi stjórn hennar störf. Þá ræddi hann hver væru stærstu verkefni nýrrar stjórnar fyrir utan mótahald. Þar bæri hæst að vinna hreyfingunni veglegri sess í þjóðfélaginu en verið hefur. Góð stjórn fjármála væri mikilvægur liður í því.

Þingslit.

Þingforseti þakkaði þingheimi vel unnin störf á þinginu og sleit þingi.